

Fimmtudaginn 29. september 1994.

Nr. 117/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)
gegn

Sólveigu Guðmundsdóttur

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

Líkamsárás. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 2. mars 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun héraðsdóms um bæði sakfellingu og viðurlög. Ákærða krefst sýknu í málinu.

Af hálfu ákærvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað og krafist staðfestingar á sakfellingu ákærðu og þyngingar á refsingu.

Fallast verður á þá niðurstöðu í hinum áfrýjaða dómi, að ákærða hafi veitt Maríu Ágústsdóttur þá áverka, sem í málinu greinir, og að sú háttsemi varði við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þetta gerðist í átökum á milli ákærðu og Maríu, svo sem lýst er í héraðsdómi. Á því við að beita hér 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, en í því sambandi skiptir ekki máli, hver upptök átakanna hafi nánar verið. Þegar tekið er á hinn bóginn tillit til þess, að atлага ákærðu að Maríu, sem leiddi til áverkanna, var miklum mun harðari en átök þeirra fram að því, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákvörðun í hinum áfrýjaða dómi um skyldu ákærðu til að greiða Maríu Ágústsdóttur skaðabætur hefur ekki verið áfrýjað sérstaklega. Kemur sá þáttur málsins því ekki til úrlausnar fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála svo og 1. mgr. 155. gr. laganna, eins og hún hljóðaði við áfrýjun héraðsdóms.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að mál þetta var tekið til dóms í héraði 12. janúar 1994, en dómur var ekki kveðinn upp í því fyrir en 21. febrúar sl. Var þá löngu liðinn sá frestur til uppkvaðningar dóms, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991, en engin grein er gerð fyrir orsökum þessa dráttar í hinum áfrýjaða dómi. Ber að átélja þetta.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Sólveig Guðmundsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1994.

Ár 1994, mánudaginn 21. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-608/1993: Ákærvaldið gegn Sólveigu Guðmundsdóttur, sem dómtekið var 12. janúar sl.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 18. október 1993, á hendur Sólveigu Guðmundsdóttur, Grjótaseli 9, Reykjavík, kt. 211074-5079, „fyrir að slá Maríu Ágústsdóttur í andlit aðfaranótt sunnudagsins 13. júní 1993, þar sem þær voru staddar fyrir utan veitingahúsið Berlín við Austurstræti í Reykjavík, með þeim afleiðingum, að María nefbrotnaði, bólгнаði yfir nefrót, auk þess sem blæddi inn í hvítuna á báðum augum.

Þetta telst varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar.

Einnig krefst María Ágústsdóttir skaðabóta, að fjárhæð 47.605 kr.“.

Málavextir.

Sunnudaginn 13. júní 1993 var ákærða í biðröð fyrir utan veitingastaðinn Berlín í Austurstræti. Nokkru framar stóð vitnið María Ágústsdóttir. Vinkona Maríu fór út úr röðinni, og sagði vitnið, að sú hefði beðið sig um að koma með, en vitnið vildi fá vinkonu sína til þess að koma aftur inn í röðina til þess að komast inn. Vitnið sagði, að ákærða hefði farið að kalla sig ýmsum ófögurum nöfnum, og hafi þær lent í orðasennu. Vitnið kvaðst hafa

farið út úr röðinni til vinkonu sinnar og haldið áfram að munnhöggvast við ákærðu. Eftir að hún kom út úr röðinni, hefði verið sparkað í sköflunginn á sér, og sagðist hún hafa rekið ákærðu löðrung með flötum lófa. Hún hefði síðan snúið frá og ætlað að ganga á brott, en ákærða fylgt sér eftir og sparkað aftan í sig. Hún hefði ekki gert neitt í því, en fundið, að hönd var lögð á öxl sér, og er hún ætlaði að snúa við, hafi hún fengið högg í andlitið á nef milli augna. Hefði hún vankast og fallið í götuna.

Lögreglumenn óku Maríu á slysadeild Borgarspítalans, og í vottorði Jóhanns Róbertssonar læknis segir svo m. a.: „Við skoðun var mikil bólga yfir nefrót og blæðing í hvítuna á báðum augum. Ekki önnur einkenni frá augum. Hefur fulla meðvitund, finnur fyrir vægri ógleði. Ekki blæðing úr nefi. Skoðun m. t. t. taugakerfis eðlileg. Útskrifast héðan í kjölfarið á skoðun og ekki ráðgert frekara eftirlit. Fær við útskrift ráðleggingar varðandi höfuðhögg. Talin nefbrotin.“

Vitnið Berglind Magnúsdóttir sagðist hafa verið að koma út af skemmtistaðnum Berlín og stansað fyrir utan. Þar hefði hún séð ákærðu ráðast á Maríu. Hún hefði reynt að komast hjá átökum og þetta endað með því, að María hefði farið út úr röðinni, ákærða sparkað í hana og María snúist til varnar. Átök hefðu orðið með þeim og ákærða slegið Maríu í andlitið. Vitnið sagði, að María hefði verið öll bólgin í framan, í kringum nefið og milli augnanna. Vitnið kvað ákærðu hafa slegið Maríu mörg högg, áreiðanlega ein 10, og sparkað í hana.

Vitnið Berglind Baldursdóttir skýrði frá því, að hún hefði komið út úr Berlín ásamt nöfnu sinni og séð ákærðu og Maríu. Þær hefðu verið komnar út úr röðinni og ákærða og María verið að rifast, og minnti vitnið, að ákærða hefði slegið Maríu fyrst; a. m. k. sagðist hún ekki hafa séð Maríu slá ákærðu. Hún kvað ákærðu hafa slegið Maríu fleiri en eitt högg og sparkað í hana, og hefði María að lokum verið liggjandi í götunni, en ákærða hlaupið á brott. Vitnið sagði, að María hefði verið fjóluþlá yfir nefi milli augna og með blóðnasir og verið stokkbólgin.

Vitnið Mandý Lydia Röver sagði, að hún hefði gengið út úr röðinni og sagt Maríu að koma. Hefði María sagt við hana að fara ekki, en þá hefði ákærða, sem var aftar í röðinni, sagt: „Farið!“ og látið ókvæðisorð fjúka. Hefði María svarað henni einhverju, en þá hefði ákærða sparkað í Maríu. Ekki mundi vitnið, hve oft ákærða sparkaði í Maríu, en María rak ákærðu kinnhest. María fór síðan úr röðinni, en ákærða elti hana og sló hana í andlitið aftan frá eitt högg og það þungt. Hún sagði, að María hefði haft tvö glóðaraugu og verið bólgin. Þá hefði hún séð það eftir á, að María var mar-in aftan á öðrum fæti. Vitnið sagði, að hún hefði séð glóðaraugu á Maríu, er

hún kom niður á lögreglustöð, sömuleiðis hefði það verið nokkru eftir, að ákærða sló Maríu, að vitnið sá marbletti á fæti hennar.

Vitnið Inga Ýr Ingimundardóttir sagði, að er þær María og ákærða hefðu byrjað að þræta, hefði María slegið ákærðu í andlitið. Vitnið kveðst ekki vita, hvort það hefði verið með flötum lófa eða hnefa. Eftir að María hefði slegið ákærðu, hefði ákærða sparkað í Maríu, og segir vitnið, að María hafi sparkað í Sólveigu á móti. Loks hafi ákærða slegið í andlit Maríu og labbað í burtu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð framan í Maríu eftir þetta. Ákærða hafi komið í „sjokki“ til vitnisins og þær ætlað að fara inn á veitingastaðinn Berlín. Vitnið kvaðst ekki vita, hvort María féll við högg það, sem ákærða veitti henni. Hún kveður ákærðu hafa slegið Maríu eitt högg. Vitnið er um það spurt, hvort ákærða hafi sparkað í Maríu, og svarar vitnið því neitandi.

Ákærða kvað atvikalýsingu í ákæru rétta, en þó ekki geta fullyrt um afleiðingar þess höggs, sem hún greiddi Maríu. Hún sagði Maríu hafa verið fyrir framan sig í biðröð. Þær hefðu átt orðaskipti og María slegið ákærðu fyrirvaralaust í andlitið. Ákærða kveðst hafa svarað fyrir sig Ákærða tekur fram, að högg Maríu hafi engan veginn verið létt klapp á kinnina. Skýrsla ákærðu hjá lögreglu 5. júlí 1993 er borin undir ákærðu, og kannast hún við undirskrift sína á skýrslunni og kveður hana rétta.

Niðurstaða.

Ákærða hefur viðurkennt að hafa greitt Maríu Ágústsdóttur högg í andlit, og af læknisvottorði og lýsingu vitna er sannað, að áverkar á Maríu voru slíkir, að atferli ákærðu var brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, enda þótt ekki sé sannað, að María hafi nefbrotnað við höggið. Ekki kemur fram í málinu, að efni séu til að beita reglu 3. mgr. 218. gr. a hegningarlaga, enda verður að telja, að ákærða hafi átt upptök átakanna með því að gera hróp að vitninu Maríu.

Ákærða hefur ekki áður sætt refsingu.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt, og komi 7 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hrl., 35.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur.

María Ágústsdóttir hefur krafist skaðabóta, að fjárhæð 47.605 krónur, og sundurliðar hana þannig: Hún hefur lagt fram gögn um útlagðan kostnað sinn, sem er 3.270 krónur, vinnutap 9.325 krónur og miskabætur 35.000 krónur. Kröfum þessum er í hof stillt og verða teknar til greina að öllu leyti.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Sólveig Guðmundsdóttir, greiði 25.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hrl., 35.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur.

Ákærða greiði Maríu Ágústsdóttur 47.605 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 13. júní 1993 til greiðsludags.
